

ingum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skylt skal hreppsnefnd að greiða fjeð um stund.

89

27. ág.

19. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á settum tíma nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sektum, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðar taka hann lög-taki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. október 1914.

Þetta er hjermeð gert heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 27. ágúst 1914.

Sig. Eggerz.

G. Sveinbjörnsson,
aðst.m.

Samþykkt

fyrir Lýtingsstaðahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 og nr. 47, 10. nóvember 1913 gert eftirfarandi samþykkt fyrir Lýtingsstaðahrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón forðagæslumanna

90

28. ág.

90 eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Að því leyti sem kostnaðurinn við það er ekki lagður á kornvöruna, greiðist hann úr sveitarsjóði. Forðabúrið hefir sjerstakan reikning, og skal hann árlega sendur sýslunefnd með hreppsreikningnum.

3. gr.

Hreppsnefnd með ráði forðagæslumanna lána hreppsbúum korn úr forðabúrinu, eftir því sem þörf krefur. Sá, er slíkt lán fær, greiðir um leið og hann fær heimild fyrir láninu, 2 aura fyrir hvert kílógramm korns. Gjald þetta kemur upp í kostnað við forðabúrið, og fær hann það eigi endurgoldið, þó að hann taki eigi kornið.

4. gr.

Þá er auðsjeð er eitthvert vor, að eigi þarf meira að taka til kornsins í það sinn til skepnufóðurs, má lána kornið til manneldis.

5. gr.

Kornlán öll úr forðabúrinu skulu borguð innan loka júlímánaðar. Korn það, sem ekki er lánað út að vorinu, skal endurnýja að sumrinu eftir því sem þörf gerist. Hreppsbúar skifta um kornið ókeypis eftir samkomulagi, ella eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur trygt hreppnum kornforða með því að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til marsmánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn. Í samningnum skal kostnaðurinn við geymslu forðans og ábyrgð nákvæmlega til tekinn. Sje korninu ráðstafað til skepnufóðurs, greiðist sá kostnaður af notendum, en að því leyti sem kornið er látið ónotað að því sinni, skal kostnaðurinn greiddur úr sveitarsjóði, sbr. þó 2. gr. laga nr. 47, 10. nóvember 1913.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 2—20 kr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast gildi 1. september 1914.

Í sjónarráði Íslands, 28. ágúst 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson.